



Morgunblaðið/Sverrir

Kleppur Á undanföllum árum hefur rúmum á Kleppsspítala fækkað verulega. Á næsta ári er fyrirhuguð lokun langlegudeildar þar sem tólf sjúklingar hafa dvalið, sumir svo lengi að þeir hafa lögheimili sitt skráð þar.

Hvað mun taka við?

● Langlegudeild Kleppsspítala lokað á næsta ári ● Geðhjálpar hefur áhyggjur af því hvað tekur við hjá sjúklingunum



Eftir Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

FYRIRHUGUÐ lokun langlegudeildar á Kleppsspítala, deildar 14, þar sem 12 sjúklingar hafa dvalið, er með fullri vitneskju Geðhjálpar og segist formaður félagsins, Sveinn Magnússon, fagna því að ákvörðun hafi loksins verið tekin um að finna önnur úrræði fyrir umrædda sjúklinga utan spítalans. Geðhjálpar hafi lengi barist gegn því að spítali sé notaður sem búsetuúrræði fyrir geðsjúka.

„Þarna hafa einstaklingar verið vistaðir áratugum saman og sumir jafnvel með lögheimili á Kleppi. Þarna er mikið veitt fólk sem er betur sett úti í samfélaginu með viðeigandi þjónustu. Ég ber hins vegar úgg í brjósti yfir því hvað tekur við hjá þessu fólki,“ segir Sveinn.

Engar dagsetningar hafa verið ákveðnar um lokun deildarinnar, annað en að henni verði lokað á næsta ári. Ákvörðun þessa efnis var tilkynnt á starfsmannafundi á Kleppi í vikunni. Á deild 14 hafa starfað 27 manns og munu þeir fá uppsagnarbréf þegar þar að kemur. Unnið verður að því að útvega sem flestum störf innan Landspítalans, að sögn Páls Matthíassonar, fram-

„Má ekki sama gerast og á Sogni“

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, vonast til þess að hið sama bíði ekki sjúklinga af langlegudeild Kleppsspítala og hefur gerst með mann sem dvalið hefur á Sogni frá ársbyrjun 1992. Fyrir liggja ársgramall Hæstaréttardómur um að einstaklingurinn skuli áfram sæta öryggisgæslu, þó þannig að hann dveljist á sambyli fyrir geðfatlaða eða í annarri samþærilegri búsetu með sólarhringsgæslu, samkvæmt mati viðkomandi svæðissskrifstofu í málefnum fatlaðra. Geðhjálpar hafi enn ekki fengið svör frá yfirvöldum um viðeigandi úrræði fyrir þennan mann. „Hið sama má ekki gerast með sjúklingana af Kleppi,“ segir Sveinn.

kvæmdastjóra geðsviðs, og einnig reynt að sjá til þess að reynsla starfsmanna af þjónustu við geðsjúka nýtist annars staðar. Hluti umrædda sjúklinga er kominn á þann aldur að eiga rétt á vistun á hjúkrunarheimili, annar hópur er á svokölluðum Straumhvarfalista, yfir einstaklinga sem eru að fá varanleg búsetuúrræði utan stofnana. Ef þörf krefur munu sjúklingar fá tímabundið inni á öðrum deildum á Kleppi.

„Það samrýmdist hvorki nútímavinnubrögðum né kröfum um mannréttindi að hópur langveikra sjúklinga væri með lögheimili á Kleppi. Það eru skýlaus réttindi þessa fólks að fá betri úrræði,“ segir Páll.

Endanleg ákvörðun um að loka deildinni er afrakstur stefnumótunarvinnu á geðsviði, þar sem vinnuhópar hafa skoðað hvernig bæta megi þjónustuna og ná um leið fram sparnaði. Geðsviði Landspítalans er gert að spara um 7% á næsta ári,

sem jafngildir ríflega 200 milljónum króna. Rekstur langlegudeildarinnar á Kleppi hefur kostað um 160 milljónir króna á ári en Páll segir kannski helming þeirrar fjárhæðar sparast á næsta ári.

Enginn lendir á götunni

Páll segir ennfremur að áherslur í meðhöndlun geðsjúkdóma hafi breyst mikið. Nú sé meira reynt að hjálpa fólki á dag- eða göngudeildum, sem og utan spítalans.

Varðandi lokun langlegudeildarinnar segist Páll vera bjartsýnn á að hún gangi snurðulaust fyrir sig. „Ef erfiðleikar koma upp, þá leysum við þá, enginn mun lenda á götunni,“ segir Páll en hann segist vissulega deila áhyggjum starfsmanna um framtíð sína. Þau mál verði vonandi leyst í sátt við sem flesta. Ákveðið hafi verið að tilkynna lokunina með góðum fyrirvara þannig að starfsmenn hefðu svigrúm til að bregðast við og undirbúa sig sem best.